

Nd.

455. Nefndarálit

um frumv. til laga um sölu á þjóðjörðinni Höfnum í Húnavatnssýslu með hálfum Kaldrana.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað skjöl þau, sem fyrir liggja um þetta mál. Sýna þau, að jarðir þær, sem hjer um ræðir, eru að ýmsu leyti mjög góðar og mikils virði. Hafnir eru metnar 38 hdr. og hálfur Kaldrani 7,85 hdr. Virðingarmenn meta hæfilega landskuld af Höfnum 1000 kr. á ári, auk Kaldrana. En ekki sjest, hversu hátt eftirgjald er metið af honum hálfum til peninga á ári, svo hæfilegt megi telja. Nú er alt ársafgjald Hafna 216 álnir og hálf Kaldrana 80 álnir. Á því sjest, hversu góðum kjörum ábúandi sætir. Umboðsmaður telur beinlínis gróðavænlegt að fá ábúð á Höfnum fyrir 1000 kr. á ári. Sje miðað við eftirspurn eftir jörðum nú, liggur í augum uppi, að verð jarðanna Hafnar og Kaldrana hlýtur að verða hátt, þar sem hlunnindi eru bæði til lands og sjávar, selveiði, dúntekja, reki og silungsveiði. Nefndin getur því ekki sjeð, að landsstjórnin hafi sett óhæfilega hátt verð á jarðir þessar, þótt fært hafi verið úr 29,100 kr. í 37,500 kr. vegna umsóknar Sigtryggs Jóhannssonar um ábúð á Höfnum. Hvort

um hylliboð hafi þar verið að ræða eða ekki, sanna skjölin ekki. Og landsstjórn-
inni verður ekki láð, þó að hún notaði sjer það. Annað mál væri, ef sjá mætti,
að verðið hefði verið sett óhæfilega hátt til að afstýra sölu. Það gat rjettlætt
sölu á jörðinni eftir sjerstökum lögum. Hjer liggur ekkert slíkt fyrir. Er því rjett,
að sama gildi um sölu á Höfnum með Kaldrana og öðrum þjóðjörðum. Frum-
varp þetta er því ástæðulaust og óþarft. Leggur nefndin til, að það sje felt.

Alþingi, 14. ágúst 1917.

Stefán Stefánsson, Jón Jónsson, Pjetur Þórðarson.
formaður. skrifari og framsögum.

Einar Árnason. Sigurður Sigurðsson.